

1859.

17. október.

53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjöf Kelsalls.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, í bréfi 15. f. m. látið í ljósi álit yðar um, hvernig verja skuli gjöf þeirri, er Charles heitinn Kelsall hafði ánað skólanum (*the College*) í Reykjavík til bókhöfubýggingar, og hafið þér stungið upp á því, að fyrir fæ þetta, sem nú er að upphæð £ 838. 1. 1., sé byggt hús, er geyma megi í eigi að eins bókasöfn lærða skólans og prestaskólans, heldur og stiptsbókasafnið, og ætti, eptir álitinu yðar, að auki að vera í húsi þessu lestrarsalur og húsnaði handa dyraverði.

Eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar um þetta mál, og einkum vegna þess, að bókasafn skólans, enn sem komið er, er næsta lítið, þykir stjórninni ástæða til að fallast á ofan greindar uppástungur yðar, þó á þann hátt, að stiptsbókasafninu að eins fyrst um sinn sé lèð húsrúm í húsi því, sem í ráði er að byggja, á meðan slíkt leyfi ekki kemur í bága við þarfir skólans. Og eruð þér beðnir um að láta búa til og senda síðan hingað uppdrátt af húsinu, og áætlun um kostnað þann, er ganga muni til húsbyggingarinnar.

25. nóvemb. 54. Reglugjörð fyrir nefnd þá í Reykjavík, sem skipuð er í fjárkláðamálinu, samkvæmt bréfi lögstjórans 17. október 1859¹.

1. gr. Nefndinni ber, eins og henni er bezt unnt, að halda vörð á því, að þeim ráðstöfunum, sem þegar er búið að gjöra, til þess að útrýma og lækna fjárkláðann, og varna hans útbreiðslu, verði rækilega fylgt, og þyki þær í þessu atriði ekki nógu tryggjandi, eða eitthvað í þeim of eða van, ber nefndinni að bera upp um það álit sitt og uppástungu, svo úr þessu geti orðið bætt, svo fljótt sem verða má.

1) Reglugjörð þessi er tekin upp eptir „Hirði“ (III, 10-12), þaræð stiptamtmaðurinn ekki hafði skýrt stjórninni frá henni.

1859.

25. nóvemb.

2. gr. Nefndin lætur stiptamtinu og öðrum hlutaðeigendum, sem kynni leita álit og ráða hennar viðvíkjandi kláðaveikinni og meðferð á henni, í tæ álit sitt og uppástungur, eins og henni stendur frjálst fyrir, þó hún ekki sè til þess kvödd, að leiða stiptamtsins og annara hlutaðeiganda athuga að öllu því, sem henni mætti þykja betur fara og þörf vera á, máli þessu til betri framkvæmdar, bæði yfirhöfuð og í einstökum tilfellum.

3. gr. Nefndinni stendur frjálst fyrir, til þess framkvæmdum hennar geti því fljótar og greiðar orðið framgengt, að snúa sèr beinlínis að hlutaðeigandi yfirvöldum viðvíkjandi þeim skýrslum og upplýsingum, sem henni kynni þykja umvarðandi að útvega, og liggja innan hennar verkahringis, og eins getur hún beinlínis látið hlutaðeigendum í tæ þær ráðleggingar og uppástungur, sem henni mætti virðast hagfelldar og þörf vera til, í öllu því, sem að öðru leyti ber undir aðgjörðir hennar og íhlutun.

4. gr. Jafnvel þó nefndarinnar verkahringur, eins og nú stendur, einkum og sérílagi nái yfir suðuramtíð, þar sem fjárkláðinn nú er talinn horfinn úr norðuramtinu, og ekki heldur, svo kunnugt sè, lengur kláða vart í vesturamtinu, er það þó sjálfsagt, að nefndin, ef svo mætti atvikast, að kláðasýkin aptur lèti bera á sèr, einnig er skyld til, að láta hlutaðeigendum álit sitt og holl ráð í tæ, þegar þess yrði leitað, sem og, ef henni mætti þykja ástæða til þess, að fyrra bragði láta hlutaðeigendum í ljósi, hvað henni mætti virðast hagfellt og helzt tiltækilegt að gjöra, eptir sem málavextir standa til; þó ber að tilkynna það stiptamtinu, hvað nefndin í því efni hefur gjört og stuungið upp á, og ef máli skiptir um mjög verulegar ráðstafanir og framkvæmdir, ætlast stiptamtíð til, að nefndin um því lík málefni beri sig saman við það, svo stiptamtíð yfirhöfuð jafnan hafi yfirlit yfir, hvernig á málinu stendur.

5. gr. Formaður nefndarinnar stýrir aðgjörðum hennar, boðar fundi og ákveður, hver mál skuli taka fyrir í hvert skipti, og hefur eptirlit og umsjón með því, að málin síðan sèu afgreidd samkvæmt því, sem ákveðið hefur verið í nefndinni, sem

1859. og með því, að allt sé skilmerkilega bókað í gjörðabók nefnd-
25. nóvemb. arinnar.

6. gr. Nefndin fær, sem slík, eigi laun fyrir starfa sinn, en sá kostnaður, sem leiða kynni af nefndarstörfunum, t. a. m. að einhver nefndarmanna þyrfti að takast ferð á hendur, sem og hæfileg sanngjörn þóknun til nefndarskrifarans, verður endurgoldinn eptir réttum reikningi, sem þó sé innsendur áður en finantsárið er útrunnið.

7. gr. Þar sem nefndin á vissan hátt kemur í stað hinna konunglegu erindsreka, flýtur það af sjálfu sér, að henni ber ígegnum stiptamtíð að gefa lögstjóranum skýrslu um athafnir sínar, þegar störfum hennar um sinn er lokið við útgöngu næstkomandi marzmánaðar.

Íslands stiptamthúsi 25. nóvember 1859.

Th. Jónassen,

const.

13. desemb. **55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um flutning sakamanna til Danmerkur.**

Hinn setti sýslumaður í Gullbringu og Kjósar sýslum hefur með bréfi 1. f. m. sent dómsmálastjórninni samning, er hann hafði gjört við skipstjóra N. Petersen um að flytja til Kaupmannahafnar tukthússfanga Ólaf Gíslason og betrunarhússfanga Ingibjörgu Árnadóttur, og var áskilið í fararkaup fyrir hvort þeirra 35 rd.

En þess ber að gæta, að skipstjórar, er fara frá Íslandi til Danmerkur, eru eptir konungsbréfi 3. maim. 1816 skyldir að taka við sakamönnum, er yfirvöldin heimta að þeir skuli flytja, fyrir sanngjarna borgun, sem ákveðið er í konungsbréfi 25. septemberm. s. á. að vera skuli 1 rd. um daginn fyrir hvern sakamann meðan á ferðinni stendur.

Með því nú sakamenn þeir, sem hér ræðir um, eptir dagbók skipstjóra eigi hafa verið á skipinu lengur en 30 daga,